

Mál nr. 160/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar

Ekið á grjóthnullung á Þjóðvegi 1 austan við Reyðará, Höfn, þann 02.04. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttækið 24.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.09. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M ók bifreið sinni á grjóthnullung, hann telur bótaábyrgð fyrir hendi skv. skilmálum sbr. nánar röksemdafærslu hans.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Félagið vísar til greinar 7.4 í skilmálum þar sem fram kemur að félagið bætir ekki skemmdir af ”akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum,.....er hljótask af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.”

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og ákvæði 7.4 í skilmálum er bótaábyrgð ekki fyrir hendi.

Tjónsaurð máls þessa má rekja til þess að laust grjót hrökk upp undir ökutækið í akstri.

Athygli vekur að M sá grjótið á veginum en ók samt yfir það.

Niðurstaða.

Greiðsluskýlda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 26. september 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.